

## AUGLÝSING

### **um breytingu á aðalskipulagi Flateyrar 1996-2015, verslunar- og þjónustusvæði austan Hafnarstrætis, milli Tjarnargötu og Ránargötu, Flateyri, Ísafjarðarbæ.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 12. september 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Flateyrar 1996-2015 frá 12. maí 1998.

Breytingin felst í því að svæði austan Hafnarstrætis, milli Tjarnargötu og Ránargötu sem skilgreint er sem íbúðarsvæði, iðnaðarsvæði og fyrir blandaða landnotkun iðnaðarsvæðis og verslunar- og þjónustusvæðis breytist í verslunar- og þjónustusvæði.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstofnun, 12. september 2007.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 10. október 2007